

90. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn fimmtudaginn 24. október 2013 kl 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt eru: Ævar Rafn Marinósson, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þóroddsson, Reimar Sigurjónsson, Dagrún Þórisdóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Varaoddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboð.

Gerð athugasemd við að fundargögnin bárust ekki í pósti til fundarmanna fyrr en 23. október. Fundargöngin fóru hins vegar í tölvupósti á réttum tíma til fundarmanna.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar nr. 89.
Lögð fram til kynningar.
2. Fundargerð fræðslunefndar dags. 8. október 2013.
Lögð fram til kynningar.
3. Fundargerðir heilbrigðisnefndar, dags. 4. sept., 11. sept. og 2. okt. 2013 ásamt leiðréttri fundargerð frá 5. júní 2013
Lagðar fram til kynningar.
4. Stjórnarfundargerð Naust, dagsett 17. október 2013.
Lögð fram til kynningar.
Sveitarstjórn leggur til að salerni fyrir fatlaða sem er í íþróttahúsinu verði komið í gagnið. Þá má einnig skoða að bæta aðgegni fatlaðra að skrifstofunni. Sveitarstjóra falið að heyra í félagsþjónustu Húsavíkur og fá þá í að skoða stöðuna á aðgengi fatlaðra í sveitarfélaginu. Samþykkt samhljóða.
Málefni aldraðra rædd og stefnumótun í þeim efnun. Óskað eftir að stjórn Nausts gerir betur grein fyrir því um hvað svona vinna snýst og að þau kanni hvernig önnur sveitarfélög standi að þessu. Samþykkt samhljóða.
Sveitarstjóri leggur til að fela stjórn Naust umsjón með íbúðum aldraðra í Miðholti og á Bakkavegi, þar með talið rekstur og þjónustu við íbúa. Sveitarstjórn felur stjórn Nausts að hafa umsjón með íbúðunum. Samþykkt samhljóða.
5. Fundargerð frá Vegargerðinni vegna hafnarframkvæmda á Þórshöfn, dags. 9. október 2013.
Lögð fram til kynningar.
Staðan á hafnarframkvæmdum kynnt. Framkvæmdin á Þórshöfn klárast eftir helgi.
6. Byggðarkvóti fiskveiðársins 2013/2014
Lagt til að Langanesbyggð sækir um að fá breytingu á reglugerðinni þess efnis að fiskiskip geti landað þeim afla sem telja eigi til byggðarkvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags á tímabilinu 1. september 2013 til 31. ágúst 2014.
Sveitarstjóra er falið að senda ósk um þessa breytingu á Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Samþykkt samhljóða.
7. Bréf frá Landssamtökum Þroskahjálpar, dags. 17. október 2013.
Lagt fram til kynningar.
8. Styrkur úr Vaxtarsamningi Norðausturlands.
Langanesbyggð fékk viljrði fyrir styrk allt að 2 milljónum kr í verkefnið Skoruvíkurbjarg bætt aðgengi að Stóra karli. Einnig hlaut verkefnið „Litlir landkönnuðir“ styrk viljrði en

Langanesbyggð er samstarfsaðili þekkingarnets Þingeyinga í því verkefni. Langanesbyggð sótti um styrk til kynningarferðar til Bremen til að kynna sér aðstæður þar en þeirri umsókn var hafnað.

9. Skýrsla sveitarstjóra

a. Send bréf til Innanríkisráðherra og Elsu Axelsdóttur

Bréf til innanríkisráðherra lagt fram til kynningar.

Fengist hefur fjármagn til að bæta við einu stöðugildi lögreglumanns á Þórshöfn. Þegar hefur verið auglýst eftir lögreglumanni til starfa á Þórshöfn frá og með 1. desember n.k.

Bréfið til Elsu Axelsdóttur lagt fram til kynningar.

b. Útkomuspá 2013

Kynnt var staðan á útkomuspá fyrir sveitarfélagið eins og hún stendur núna.

Verið er að vinna í fjárhagsáætlanagerð þessa dagana og áætlun verður lögð fram á næsta fundi.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:08